


Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN	Fundargerð Skólanefndar	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 4		

Dags.: 29. 04.2019	Tími: 17-18:30	Staðsetning: A-álma	Fund boðaði: SHJ
--------------------	----------------	---------------------	------------------

Þátttakendur


Mættir:	Axel Grettisson, Benedikt Barðason, Ylfa , Hrafnhildur Karlsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sverre Jakobsson, Hörður Óskarsson, Jón Hrói Finnsson, Sigríður Huld Jónsdóttir
Fjarverandi:	Reynir

Dagskrá:


1. Fjárlagabréf 2019
2. Rekstarstaða
3. Ráðningar og breytingar í mönnun næsta skólaár
4. Vinnuhópur um fjárnám - staðan í viðræðum
5. Kennsluréttindanám iðnmeistara
6. Félagslíf nemenda
7. Önnur mál

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar og undirritunar.

nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1.	<p>Fjárlagabréf 2019</p> <p>Skólameistari fór yfir og kynnti fjárveitingabréfið sem er að finna í möppu skólanefndar. Fjárlagabréf endurspeglar áherslur MRN á hverjum tíma auk upplýsinga um fjárnám ársins fyrir stofnunina. Fjárlagabréfið er gert á hverju ári og kemur í stað gömlu skólasamninga svokölluðu sem ekki eru lengur gerðir.</p>
2.	<p>Rekstarstaða</p> <p>Ekki er enn búið að ganga frá húsaleigu samkvæmt nýjum samningi né er endurskoðað uppgjör á starfsbraut komið. Ársreikningur 2018 ekki enn kominn. Farið yfir helstu innkaup sem hafa verið gerð og eru á dagskrá. Ársreikningur er ekki tilbúinn en samkvæmt upplýsingum frá fjársýslunni er verið að vinna í þessu.</p> <p>Um áramót var VMA í skuld við Ríkið upp á 21.721.979 kr. Má rekja það til þess að FJS greiddi VMA 33.4 milljóna fjárfestinga framlag í einu lagi. Einnig er inn í þessu uppgjör starfsbrautar upp á 14.8 milljónir en það átti að vera ¼ af því sem við skulduðum. Ríkið hefur viðurkennt að uppgjorið á starfsbrautum séu rangt og mistök af þeirra hálfu og mun það verða leiðrétt.</p>

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012	Fundargerð Skólanefndar	
Höfundur: BEN		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 4		


	<p>Þegar horft er til fyrstu þriggja mánaða ársins 2019 þá er skólinn að standast áætlun að stórum hluta fyrir utan ferða og dvalakostnað sem er yfir um 2.5 milljón. Fáum styrk á móti. Námskeiðin eru einnig yfir.</p> <p>Húsaleigan er enn rukkuð samkvæmt gamalli gjaldskrá sem er 13.5 milljónir en ekki hefur verið gengið frá nýjum samningi sem hljóðar upp á 31.5 milljón á mánuði.</p> <p>Inneign:</p> <p>Inn á bankareikningi í dag 26.04.2019 er 38 milljónir.</p> <p>Ógreiddir reikningar eru um 5 milljónir af því sem er komið er til 1. júní 2019. Lundur er einnig væntanlegur í júní 4 milljónir.</p> <p>Fjárfestingar:</p> <p>Fjárfest hefur verið fyrir 13.7 milljónir það sem af er ári (26.04.2019). Það sem hefur verið fjárfest í eru m.a. skjáir, tölvur, borð í matsal starfsfólks, stóla í tvær kennslustofu, bandsög á byggingadeild, þurrkgrindur á listnám, uppsetning og viðnbót fyrir vélskurðarvél á málmdeild en vélin sjálf var gjöf til skólans, vatnsvélar, öryggismyndavélar, sorpflokkunardalla, ljósabúnað í Gryfju, búið að efla búnað tengt þráðlausu neti og kerfisstjórn og kennslutæki í vélstjórn er í skoðun en gert er ráð fyrir fjárfestingu þar fyrir um 7 milljónir.</p>
3.	<p>Ráðningar og breytingar í mönnun næsta skólaár</p> <p>Skólameistari fór yfir þær ráðningar sem búið er að ganga frá fyrir næsta skólaár ásamt þeim breytingum sem verða í starfsmannahaldi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tveir kennarar hafa hætt á byggingadeild vegna aldurs á þessu skólaári og í raun Helgi Valur að koma í stað þeirra. • Einn íþróttakennari fer í veikindaleyfi vegna aðgerðar en hættir síðan. • Tveir stuðningsfulltrúar hætta. • Þýskukennari kemur úr námsleyfi og enskukennari kemur til baka úr veikindaleyfi. • Einn listgreinakennari í veikindaleyfi og ekki komið í ljós með framhaldið • Tveir raungreinakennarar búnir að vera í veikindaleyfi en koma báðir til baka í haust. • Anna María Jónsdóttir mun leysa Benedikt Barðason af sem aðstoðarskólameistari. • Auglýsa þarf fjórar stöður í rafiðngreinum. Þar eru leiðbeinendur án réttinda og þarf örugglega að auglýsa tvisvar. • Starfsmaður á skrifstofu lætur af störfum vegna aldurs í vor. • Ýmislegt annað er óljóst fyrr en að ljóst er hversu margar umsóknir berast um skólann. • Ljóst er að gera þarf breytingar á brautarstjóra starfsbrautar þar sem brautarstjóri skipuleggur vinnu stuðningsfulltrúa. Aðrar stöður fag- og brautarstjóra verða auglýstar fljótlega.

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012	Fundargerð Skólanefndar	
Höfundur: BEN		
Sampykkt: HJS		
Síða 3 af 4		

	Einnig er rætt um að ráða tímabundið verkefnastjóra sem sinnir mannauðsmálum og öðrum verkefnum svo sem stefnum. Kristín styður hugmyndina. Skólameistari segir frá reynslu sinni af ráðningu verkefnastjóra varðandi áhættumat. Mjög góð reynsla af því.
4.	Vinnuhópur um fjarnám - staðan í viðræðum Skólameistari upplýsir um stöðu mála í kjaraviðræðum við fjarnámskennara. Stjórnendur lögðu fram tillögu um greiðslufyrirkomulag fyrir fulltrúa fjarnámskennara. Næsti fundur 8. maí.
5.	Kennsluréttindanam iðneistara Stefnt er að því að bjóða upp á kennsluréttindanam fyrir iðneistara í samráði við Menntavísindasvið HÍ. Fjarnámshópur verði staðsettur á Akureyri og VMA mun leggja til húsnæði og aðstöðu. Mikilvægt að auglýsa vel. Beðið er eftir frekari upplýsingum um námið frá HÍ til þess að geta svarað spurningum.
6.	Félagslíf nemenda Í umræðum með nýnemum kemur fram að þeir eru almennt frekar ánægðir með félagslífið en þátttaka er almennt slæm og fáir mæta t.d. á leiksýningar, árshátíð og söngkeppni. Erfitt að virkja hinn almenna nema í félagslífinu. Kostir og gallar við allt. Viðburðarstjóri hefur rífið upp leikfélagið. Verið er að endurskoða lög nemendafélagsins. Starf nemendafélagsins er hins vegar mjög mikilvægt í starfi skólans. Skólameistari fer lítillega yfir niðurstöður Rannsóknna og greiningar um eitt og annað, svo sem áhrif styttingar, íþróttir og svo framvegis.
7.	Önnur mál <ol style="list-style-type: none"> 1. Fjöldi nemenda næstu önn. Aðstoðarskólameistari fór yfir nemendafjölda næstu önn en byrjað er að huga að skipulagi næstu annar. 2. Aðstaða til íþróttakennslu - aðstoðarskólameistari sagði frá stöðu mála með íþróttaaðstöðu fyrir kennslu í íþróttagreinum í VMA en þrengt hefur mjög um aðstöðuna sem VMA hefur í Íþróttahöllinni og öðrum íþróttamannvikjum bæjarins. Frekari umræðu frestað til næsta fundar.

Fundargerð ritaði: Benedikt Barðason	dags. 29.04. 2019
--------------------------------------	-------------------

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):
Fundagerðir skólanefndafunda eru vistaðar á stjórnendadrifi (skólanefnd) og undirritað eintak geymt í möppu á skrifstofu skólameistara. Fundargerð er borin upp til samþykktar á næsta skólanefndafundi og undirrita fulltrúar í skólanefnd fundargerðina. Dagskrá fundar er undirrituð í fundargerðabók sem geymd er á skrifstofu skólameistara. Samþykkt fundargerð er birt á heimasíðu skólans.

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012	Fundargerð Skólanefndar	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 4		

Undirskrift fundarmanna

Kristín Halldórsdóttir

Sverre Jakobsson

Hrafnhildur Karlsdóttir

Axel Grettisson